

**Samningur um breytingu á samningi Norðurlanda
frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi.**

1. gr.

Á viðauka við ofangreindan samning, ákvæðum um beitingu löggjafar einstakra landa, E. Svíþjóð, er gerð eftirfarandi breyting:

Tölulíður 4 um 12. gr. orðist svo:

Við greiðslu foreldraþeninga samkvæmt sænskri löggjöf, sem ekki eru hærri en hið tryggða lágmark, skal taka tillit til þess tíma er innflytjandanum hefur verið tryggt aðstoð í öðru norrænu landi.

2. gr.

Samningur þessi gengur í gildi mánuði eftir að ríkisstjórnir annarra norrænna landa hafa skriflega lýst samþykki sínu við samninginn við danska utanríkisráðuneytið, sem tilkynnir sendiráðum hinna norrænu landanna í Kaupmannahöfn um það.

3. gr.

Samningurinn er gerður á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku. Allir textarnir eru jafngildir.

Að því tilskildu, að ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar geti samþykkt ofangreindan samning, leyfir utanríkisráðuneytið sér að leggja til að þessi orðsending og staðfest svör sendiráða Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar á finnsku, íslensku, norsku og sænsku eftir því sem við á skuli fela í sér samning milli ríkisstjórnanna á Norðurlöndum.“

Sem svar við framangreindu leyfir sendiráðið sér að tilkynna að ríkisstjórn Íslands fellst á tillöguna í ofangreindri orðsendingu og staðfestir að orðsending utanríkisráðuneytisins og þetta svar skuli fela í sér samning milli ríkisstjórnanna.

Kaupmannahöfn, 24. janúar 1990.

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um vinnuvernd.

Hinn 22. febrúar 1990 var sænska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um vinnuvernd sem undirritaður var í Stokkhólmi 29. júní 1989. Samningurinn öðlast gildi 24. mars 1990.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. febrúar 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR****milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um vinnuvernd**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem telja að gott vinnuumhverfi sé grundvallaratriði almennrar velferðar, sem telja að forsendur góðs vinnuumhverfis séu heilsusamleg og örugg vinnuskilyrði og aðstæður sem að öðru leyti stuðli að vellíðan og starfsgleði þeirra sem taka þátt í atvinnulífinu, sem eru á einu máli um að vinnuumhverfi eigi að taka breytingum í samræmi við tæknilega og félagslega þróun þjóðfélagsins, sem eru á einu máli um að gott vinnuumhverfi auki framleiðni og framþróun í þjóðfélaginu, sem minna á tengsl vinnuverndar og umhverfismála, einkum hvað varðar meðferð efnasambanda, sem telja að öryggisstarf á vinnustöðum sé grundvallaratriði þess að umhverfi verði gott á vinnustað, sem minna á að aðilar vinnumarkaðarins hafa á Norðurlöndum mikil áhrif á að móta stefnu í vinnuverndarmálum, sem telja að stjórnvöld vinnuverndarmála gegni mikilvægu hlutverki við að bæta vinnuumhverfi og hrinda í framkvæmd stefnu stjórnvalda í vinnuverndarmálum, sem telja að norrænt samstarf sé mikilvægt til þess að nýta sem best þau úrræði sem standa til boða og stuðla að jákvæðri þróun umhverfis á vinnustöðum, sem eru á einu máli um að samstarfsviðleitnin skuli með gagnkvæmum áhrifum og miðlun reynslu beinast að því að þróa sífellt betra vinnuumhverfi í hverju landi, sem telja að Norðurlönd skuli stefna að því að afnema tilefnislausan mun á þeim reglum sem í hverju landi kveða á um vinnuumhverfi, sem telja að sameiginleg norræn afstaða í málum, sem snerta vinnuvernd í alþjóðlegu samstarfi, sé mikilvæg, sem minna á að um langan tíma hefur átt sér stað árangursríkt samstarf Norðurlanda í vinnuverndarmálum, sem vísa til samstarfssamnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 1962 með breytingu frá árinu 1971, sem 6. mars 1982 gerðu samning um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, sem eru á einu máli um að norrænt samstarf um vinnuvernd skuli aukast og verða nánara, virkara og tryggara, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Samningnum er ætlað að treysta og þróa norræna samvinnu í því skyni að stuðla að enn betra vinnuumhverfi á öllum Norðurlöndum. að stuðla að því að sú aðstaða sem fyrir hendi er verði notuð á hagkvæman hátt og að þjóðirnar styðji hver aðra í þessum málum, með því að skiptast á reynslu og þekkingu og með samræmingu, samvinnu og verkaskiptingu. að stuðla að samræmingu á kröfum og reglum um vinnuvernd. að styrkja sameiginlega norræna afstöðu í vinnuverndarmálum sem fjallað er um hjá alþjóðastofnunum og í öðrum alþjóðlegum samskiptum. Tillit skal tekið til þeirra miklu áhrifa sem aðilar vinnumarkaðarins hafa á þessi mál samkvæmt hefð, og til þess að í samningum þessara aðila er að vissu marki kveðið á um vinnuverndarmál. Í norrænni samvinnu skal einnig virtur réttur hvers lands til þess að móta sjálft eigin stefnu í vinnuverndarmálum í samráði við aðila vinnumarkaðarins innanlands.

2. gr.

Norðurlönd skulu stuðla að þróun umhverfis á vinnustöðum út frá eftirfarandi meginreglum:

1. Mikilvæg forsenda heilsusamlegra og öruggra vinnuskilyrða er vel skipulagt starf að öryggismálum, innan vinnustaðanna sjálfra, nátengt annarri starfsemi á vinnustaðnum.

2. Heilsugæslu á vegum fyrirtækja skal komið á eftir þörfum og aðstæðum hverrar þjóðar og skal hún vera nátengd starfi að öryggismálum á vinnustöðunum.
3. Stjórnvöld vinnuverndarmála skulu styðja öryggisstarf á vinnustöðum með upplýsingamiðlun og með því að móta reglur um vinnuvernd og hafa eftirlit með því að þeim sé fylgt.
4. Atvinnurekendur bera meginábyrgð á vinnuskilyrðum en starfsmenn skulu hafa áhrif á mótun umhverfis á vinnustað sínum og bera skyldu til þess að taka þátt í að skapa öruggar og heilsusamlegar vinnuaðstæður.
5. Vinna skal undirbúin, skipulögð og framkvæmd þannig að bægt sé frá hættu fyrir líkamlega og andlega heilsu starfsmanna.
6. Þegar skipulagður er aðbúnaður á vinnustað skal huga að kostum þess að körlum og konum séu búin sömu skilyrði til þátttöku og þroska í starfi.
7. Við val á starfsaðferðum, framleiðsluferli og búnaði, svo og við mat á því hvaða efni og efnasambönd skuli nota, skal ævinlega taka tillit til úrræða til þess að koma í veg fyrir slys og atvinnusjúkdóma.
8. Nota skal hlífðarbúnað þegar ekki er unnt að tryggja öryggi starfsmanna á annan hátt.
9. Starfsmenn skulu hafa þá menntun og fá þá fræðslu og leiðbeiningar sem þarf til þess að þeir geti leyst starf sitt af hendi á öruggan hátt.
10. Starfsmenn skulu eiga rétt á að halda sig frá vinnu sem skapar bráða og alvarlega hættu fyrir líf eða heilsu, án þess að verða skaðabótaskyldir eða sæta öðrum óréttmætum viðurlögum.

3. gr.

Norðurlönd skulu vinna saman að því að bæta vinnuumhverfi í samræmi við félagslega og tæknilega þróun samfélagsins. Þetta skal í hverju landi unnið í nánú samstarfi við aðila vinnumarkaðarins.

Í því skyni að efla eftirlit skulu stjórnvöld vinnuverndarmála á Norðurlöndum skiptast á reynslu varðandi öryggismál og önnur vinnuverndarmál, svo og leiðir til eftirlits og önnur mikilvæg atriði við að ná markmiði vinnuverndarstefnu.

4. gr.

Norðurlönd skulu áfram efla samstarf sitt að samræmingu og aðlögun vinnuverndarreglna.

Markmið samvinnunnar skal vera að bæta stöðugt vinnuumhverfið og samræma reglurnar miðað við að gerðar séu miklar kröfur í vinnuverndarmálum.

Í samstarfi um reglur skal tillit tekið til viðleitni innan Norðurlanda eða á alþjóðavettvangi til að forðast viðskiptahindranir.

5. gr.

Norðurlönd skulu vinna að því að efla norrænt og alþjóðlegt starf að samræmdum prófunar- og eftirlitsaðferðum og samsvarandi aðferðum við að viðurkenna vörur sem notaðar eru í atvinnulífinu.

Markmiðið skal vera að koma á, eftir því sem kostur er, gagnkvæmri viðurkenningu á niðurstöðum prófana og á vörum og þróa kerfi sem tryggi þetta.

6. gr.

Reglur á Norðurlöndum um vinnuvernd skulu eftir því sem unnt er grundvallast á viðeigandi stöðlum. Stjórnvöld vinnuverndarmála skulu leitast við að hafa virk áhrif á stöðlunarstarf.

Í því skyni að koma á framfæri sjónarmiðum Norðurlanda varðandi alþjóðlegt stöðlunarstarf skulu löndin stefna að samræmdri norrænni afstöðu.

Þátttaka í alþjóðlegu stöðlunarstarfi skiptist milli landanna eftir því sem unnt er. Það land, sem tekur þátt í stöðlunarverkefni hverju sinni, aflar og ber fram sjónarmið hinna landanna.

7. gr.

Norðurlönd skulu vinna að því að mat á afleiðingum og áhrifum reglna um vinnuvernd sé unnið á samþarilegum forsendum.

Stjórnvöld vinnuverndarmála skulu skýra hvert öðru frá vinnu að slíku mati, miðla reynslu sín á milli og skiptast á endanlegum niðurstöðum.

8. gr.

Peir sem bera ábyrgð á heilsugæslu fyrirtækja í löndunum skulu miðla reynslu sín á milli í því skyni að efla hagkvæma uppbyggingu heilsuverndar starfsmanna.

9. gr.

Norrænt samstarf í vinnuverndarrannsóknum skal eftt í því skyni að stuðla að hagkvæmari nýtingu fjármagns, aðstöðu og rannsóknarniðurstæðna. Þessu verði náð með miðlun reynslu og niðurstæðna og verkaskiptingu á sviði rannsókna. Sérstaka áherslu skal leggja á rannsóknarsvið sem eru vel fallin sem norræn samstarfsverkefni.

Opinberar stofnanir á Norðurlöndum, sem veita fé til rannsókna, menntunar og upplýsingamiðlunar um vinnuvernd, skulu hafa reglubundið samband sín á milli til þess að skiptast á reynslu og ræða um úthlutun styrkja til ýmissa sviða og jafnframt fjalla um skilyrði til þess að styðja sameiginlega norræn verkefni.

10. gr.

Opinberar stofnanir sem í hverju landi skipuleggja og annast sérmenntun á sviði vinnuverndar skulu hafa stöðugt samband sín á milli. Skipuleggja skal sameiginlegar námsbrautir, eftir því sem hagkvæmt er, með hliðsjón af menntunarkröfum og aðstæðum í hverju landi.

11. gr.

Til þess að bæta upplýsingamiðlun og heimildaskráningu skal komið á náinni samvinnu opinberra stofnana sem annast slíka starfsemi í hverju landi. Einkum skal hugað að leiðum til samræmingar og sameiginlegrar nýtingar á heimildasöfnum landanna og möguleikum þeirra, sem leita upplýsinga í þessum löndum, að finna greiðlega það sem skráð er.

12. gr.

Norðurlönd skulu sameiginlega leitast við að koma upp sambærilegum hagskýrslum um vinnuslys og atvinnusjúkdóma.

13. gr.

Til þess að framfylgja þeim markmiðum sem sett eru með þessum samningi og að öðru leyti efla samvinnu Norðurlanda á sviði vinnuverndar skal Norræna ráðherranefndin (vinnuverndarráðherrar) samþykkja norræna samstarfsáætlun um vinnuvernd. Samstarfsáætlanir skulu metnar og endurskoðaðar reglulega í náinni samvinnu við aðila vinnumarkaðarins.

14. gr.

Mál er varða framkvæmd þessa samnings skulu lögð fyrir Norrænu embættismannanefndina um vinnuvernd, sem hefur það verkefni að vinna á norrænum vettvangi að samræmingu og samvinnu á sviði vinnuverndar. Nefndin annast jafnframt undirbúning mála fyrir Norrænu ráðherranefndina (vinnuverndarráðherra).

15. gr.

Norræna ráðherranefndin (vinnuverndarráðherrar) og Norræna embættismannanefndin um vinnuvernd skulu reglulega hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins um málefni sem varða vinnuvernd á Norðurlöndum og um framkvæmd þessa samnings.

16. gr.

Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu að hann hafi verið samþykktur.

Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag er samningurinn öðlast gildi.

17. gr.

Aðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til sænska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir þá öðrum aðilum um móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar. Uppsögn tekur

aðeins til þess aðila sem að uppsögninni stendur og tekur gildi sex mánuðum eftir að sænska utanríkisráðuneytinu berst tilkynning um uppsögnina.

18. gr.

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum aðilum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Stokkhólmi 29. júní 1989 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

AUGLÝSING

um breytingu á Norðurlandasamningi um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar.

Í dag var undirritað í Reykjavík samkomulag um breytingu á viðbótarbókun frá 27. ágúst 1987 við samkomulag um breytingu á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar. Breytingin öðlaðist gildi við undirritun. Samningurinn er birtur í auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1982, sbr. auglýsingar nr. 11/1983 og 13/1989.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari en viðbótarbókunin sem fylgiskjal 2. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. febrúar 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMKOMULAG

um breytingu á viðbótarbókun frá 27. ágúst 1987 við samkomulag um breytingu á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem vilja framlengja gildistíma viðbótarbókunarinnar frá 27. ágúst 1987 um starfsréttindi hjúkrunarfræðinga, hafa gert samkomulag um eftirfarandi:

1. gr.

Viðbótarbókunin sem undirrituð var í Skagen 27. ágúst 1987 við samkomulag um breytingu á samningi frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar skal gilda meðan samningurinn frá 25. ágúst 1981 er í gildi.

2. gr.

Samkomulag þetta öðlast gildi þann dag sem það er undirritað af öllum aðilum. Samkomulagið skal þó hafa gildi frá og með 25. ágúst 1989.